

Rifós hf, fiskeldi  
Lóni  
671 Kópaskeri

Reykjavík, 2. nóvember 2020  
UST202003-208/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 27.8.2020, hjá Rifós hf**

Þann 27. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Rifóss hf., Kelduhverfi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Sex ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

1. 41., 42. og 43. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar árekstrar- og mengunarvarnir skulu vera við olíugeyma. Yfirfyllingarviðvörðun eða -vörn skulu vera til staðar ásamt því að afgreiðslubýssa skal búin útsláttarbúnaði. Engar árekstrarvarnir eru við lausageymi eða við afgreiðslubýssu bensíngeymis. Bensíngeymir er ekki í olíuheldum dúk og dísilgeymir er ekki tvöfaldur eða í lekaheldri þró. Engar upplýsingar eru um mengunarvarnir 1500 L geyma.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. nóvember, 2020.

Virðingarfyllst

*Hulda S. Jónasdóttir*  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

*G. Stella Arnadóttir*  
Guðbjörg Stella Arnadóttir  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð – Gátlisti**

Nafn rekstraraðila: Rifós	Dags. eftirlits: 27.08.20	Staðsetning stöðvar: Rifósi, Kelduhverfi	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 500692-2869	Gildistími starfsleyfis: 31.12.2027	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: 1000 tonna seiðaeldi á landi og matfisk eldi í kvíum. Bleikja og lax, þar af allt að 600 tonn af laxi.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Tæpum 500 tonnum af bleikju var slátrað á árinu upp úr Lónum, lífmassaminnkun milli ára um 200 tonn og afföll um 106 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Öllum seiðum var hent úr seiðastöðinni vegna nýrnaveikismita. Stöðin var tæmd 2019, sóttgreinsuð og þurrkuð. Búið er að setja búnað til geislunar vatns og skoða vatnstöku til að forða að smit berist aftur í stöðina. Búið er að byggja yfir útiker, E- hús. Önnur útiker seiðastöðvar eru ekki í notkun og bíða niðurrifs. Eldishús þar sem bleikjuseiði voru alin er orðið að geymslu. Engin bleikjuseiði eru í stöðinni og verða ekki á næstunni. Matfisk verður slátrað upp úr Lónum og stefnt er á að tæma þau í kringum áramót. Sláturhús/vinnsla verður þá lögð af, a.m.k. tímabundið. Áætlað er að vera með klak og eldi laxaseiða, sem verða svo flutt í nýja seiðastöð sem á að reisa á Kópaskeri. Þar verði seiði smoltuð áður en þau eru svo flutt í sjó. Þar til stöðin rís eru seiði smoltuð í Rifósi. Áætlað var að smolta fyrstu kynslóð seiða eftir hreinsun fljótlega eftir

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				eftirlitið og áttu þau að fara í kvíar á vegum Fiskeldis Austfjarða.  Stefnt er á að ala eitthvað af laxaseiðum til lífræns áframeldis. Notast verður við lífrænt fóður og vottun fengin á eldið.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Daglegar skráningar eru í FishTalk. Verið er að bæta skráningar í EQS.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað með grænu bókhaldi 30. apríl
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi skilað 30. apríl
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X		X	Skjölín eru inni í EQS, aðgengileg starfsmönnum eldis. Nýjustu skjöl voru send stofnun að vettvangsferð lokinni. Eftirlitsaðili óskar eftir uppfærslu á áhættumati v. bráðmengunar af völdum olfu.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í gildi
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í EQS.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Markmiðin eru til staðar í EQS og voru send stofnuninni að vettvangsferð lokinni.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrun miðað við áætlun frá FishTalk og sett inn í AquaGroup kerfi.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				Við frumfóðrun er einungis handfóðrað til að fylgjast með hvernig seiðin taka.
Er skráning á losun fósförs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Losunartölur voru ekki í ársskýrslu eða græubókhalda en útreikningar á losun frá fóðurnotkun bárust eftirlitsaðila þann 6. október. Skv. útreikningum er losunin 13,3 kg P /tonn fyrir árið 2019 og 79,4 kg N/tonn. Fosfór og köfnunarefni hafa ekki verið mæld í frárennsli.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?		X		Í báðum settjörnum sáust rákir sem líklega er fita. Þetta hafði safnast í rákir, sem virtust einskonar þræðir, syðst í tjarnir pakkað saman við bakka vegna hreyfingar vatns og vinda. Eftir vestari settjörn varáberandi slý og uppsöfnun efnis á botninn. Áberandi lykt var við tjörnina, en vindátt var þannig að greinilegt var að hún kom af leirum og lífrænu efni þar en ekki frárennsli rekstraraðila. Í austari settjörn var áberandi slí og uppsafnað lífrænt efni í settjörnninni. Uppsöfnun efnis var einnig í skurði.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, sífun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Tvær settjarnir eru, önnur sem tekur við frárennsli frá eldri húsum vestan megin við seiðastöðina, og hin tekur við frárennsli E-húss. Vestan megin við hús fer sameinað frárennsli húsanna í gegnum fiskagildru út í settjörnina og þaðan rennur vatnið út á leirurnar austan við lónið/ austast í lónið. Frá E-húsi rennur frárennsli í nokkurskonar u-laga settjörn og þaðan í skurði út á leirurnar/austast í lónið. Búið er að laga ristar sem fjallað var um í seinustu eftirlitsskýrslu, steypa ramma sem rist er fest á. Búið var að hreinsa settjörn fyrir frárennsli frá fituskilju sláturhúss síðan seinasta eftirlit fór fram.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki seiðstöðvar er Innra Lón u.þ.b. 20-100 metra frá kerjum eftir því um hvaða ker ræðir. Lónin eru ísölt sjávarlón, þ.e. sjór gengur inn í þau við háa sjávarstöðu.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fíðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Mjög grunnt er undir kvíum, dýpst um 12 metrar, en tekin eru stungusýni úr botni undir búrum og redox mælt, til að hægt sé að bregðast tímalega við með dælingu undan búrum til að varna uppsöfnun og koma í veg fyrir massadauða vegna vetnissúlfíðs, líkt og gerðist árið 2001.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Í lagi
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Við eftirlit voru um 225 þús fiskar í Lóni, meðalþyngd tæp 800 gr, tæp 180 tonn.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Slátrun bleikju er samfelld, þar sem ekki er um kynslóðaskipt eldi að ræða. Arctic Protein tekur við slógi.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Redox, hiti, súrefni og selta eru mæld af starfsmönnum stöðvar. Náttúrustofa Norðausturlands mælir blaðgrænu u.þ.b. vikulega.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Óflokkanlegur úrgangur fer í urðun á Kópaskeri. Lyfjaleifar fara til baka í gegnum dýralækni. Tveir 1000 L tankar eru fyrir dauðfisk, þar sem maurasýru er blandað við og búin til melta. Hún er gefin bónda í nágrenni til áburðargjafar eftir íblöndun við kúamykju.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi. Þar sem framvegis verður einungis eldi í seiðastöð óskar Umhverfisstofnun eftir því að meiri áhersla verði lögð vöktun á losun frá seiðasstöð. Mælingar í inntakvatni, frárennsli frá seiðastöðum og eftir settjarnir verði gerðar. Mæla skal

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				heildarköfnunarefni, heildar fosfór, COD/BOD <sub>5</sub> /TOC og svifagnir.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Vöktunarskýrslu 2019 var skilað fyrir 1. maí sl.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Verið er að uppfæra vöktunaráætlun svo hún gildi bæði þegar er búið að tæma eldisfisk úr Lónunum og þar til þau hafa verið tæmd og mun hun einnig taka til greina stækkun seiðaeldis.  Að öllu óbreyttu væru botndýra- og efnamælingar í botni Innra Lóns sumar 2023. Vikulegar mælingar eru á blaðgrænu. Náttúrustofa Norðausturlands sér um mælingarnar.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Við eftirlit 2019 komu fram fjögur frávik er vörðuðu leyfi vegna varps í hafið 2018, ársyfirlit, grænt bókhald og tæmingu settjarnar við sláturhús. Tvær ábendingar voru gerðar.

**Samantekt:**

Stöð í Kelduhverfi sem hefur leyfi til bæði eldis á seiðum og matfiski í Innra Lóni, sem og fyrir sláturhúsi.

Þar sem tæma á Lónin af matfiski í eldi mun slátrun og vinnsla leggjast af í sláturhúsnæði rekstraraðila. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skv. starfsleyfi er rekstraraðila þó einungis heimilt að reka sláturhúsið til eigin nota.

Eldi bleikjuseiða hefur nú þegar verið hætt og elur rekstraraðili einungis laxaseiði. Búið er að hreinsa seiðastöðina eftir að nýrnaveikismit komu upp og setja upp búnað til geislunar vatns og skoða vatnstöku stöðvarinnar til að koma í veg fyrir endurtekið smit inn í seiðastöð.

Skráningar og úrgangsmál eru í lagi.

Athuga þarf settjarnir við seiðastöð, skoða uppsöfnun og orsakir sjáanlegra ráka á yfirborði vatns. Taka þarf einnig til skoðunar hvort þörf sé á hreinsun settjarna. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 28. október sl. verður hreinsun skoðuð, sem og verið sé að skoða að setja tromlusíur á bæði útföll seiðastöðvar en það krefjist þó breytinga á deiliskipulagi, sem séu í vinnslu.

Frávik er skráð vegna ófullnægjandi aðbúnaðar olúgeyma, sbr. 41. gr. reglugerðar 884/2017 og ábending skráð vegna áhættumats á bráðamengun hafs og stranda af völdum olfu.

Athygli er vakin á því að óheimilt er að losa í vatn efni sem eru á listum I og II, í viðauka reglugerðar nr 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, án sérstakrar

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

	heimildar í starfsleyfi. Þar eru ekki undanskilin efni sem geta myndað lífræn klórsambönd í vatni.
<b>Annað:</b>	<p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.</p> <p>Skráningablað v. skráningar olíugeyma skv. reglugerð 884/2017 var einnig sent með fundarboði og skráning barst frá rekstraraðila þann 6. október sl.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

*Hulda S. Jónasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rífós Kelduhverfi



<b>Dags eftirlits</b>	27.8.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Rífós	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Lóni	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	500692-2869	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Helgi Þorvaldsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólöf Rún Stefánsdóttir	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið en sex ábendingar eru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang vettvangsheimsóknar var eftirfarandi:

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Umfang
  - o Bleikjueldi í Innra-Lóni
  - o Seiðældi
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr. 3.1
  - o Skýrslur
- Trygging v. bráðamengunar sbr. gr. 4.7
- Neyðar- og viðbragðsáætlun v. rekstrarstöðvunar sbr. gr. 4.5 og 1.5
- Áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar sbr. gr. 2.5
- Viðbrögð og tilkynningar v. mengunaróhappa sbr. gr. 4.4 og 4.6
- Frárennsli
  - o Seiðastöð
  - o Sláturhús
- Úrgangur, spilliefni og lyf
  - o Umgengni um mengandi efni
  - o Dauðfiskur
  - o Annar úrgangur
- Skráning olfugeyma skv. reglugerð 884/2017
- Vöktun
  - o Hvíld Lóna
  - o Vöktunaráætlun
- Aðstæður skoðaðar.
  - o Seiðastöð
  - o Settjörn og fituskiljur
  - o Sláturhús

Utanborðsmótor er á flotpramma í Lóni með 25 lítra bensíntanki. Einnig eru á þjónustubát eldisins tveir 350 lítra hráolíugeymar fyrir vélar bátsins.

Skv. áhættumati rekstraraðila vegna bráðamengunar hafs og stranda eru tveir 1000L olfugeymar í landi, annar grafinn í jörð fyrir bensín, og hinn fyrir dísilolíu.

Skv. upplýsingum sem bárust frá rekstraraðila þann 6. október sl. vegna skráningar olfugeyma í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, eru geymar rekstraraðila fjórir. Þeir tveir sem um ræðir hér að ofan, 1100 L neðanjarðarhúsageymir undir bensín og ofanjarðarlausageymir undir dísil, báðir frá 1992, auk tveggja annarra.



Eftirlitsaðili bendir á að skv. skilgreiningu reglugerðarinnar eru húsageymar olíugeymar sem eru tengdir inn í hús eða verksmiðju og olían er ekki nýtt á farartæki en, skv. gr. 42 og gr. 43 í reglugerð nr. 884/2017 gilda almenn ákvæði reglugerðarinnar um neyslugeyma um bæði húsageyma og lausageyma.

Í gr. 41 reglugerðar nr. 884/2017 er kveðið á um að öruggar árekstrar- og mengunarvarnir við skuli vera við neyslugeyma. Yfirfyllingarviðvörn eða -vörn skal einnig vera til staðar á geymum ásamt útsláttarbúnaði á afgreiðslubyssu. Ekki eru árekstrarvarnir við dísilgeymi eða við afgreiðslubyssu neðanjarðar bensíngeymis. Geymar ofanjarðar skulu vera í lekaheldri þró eða tvöfaldir.

Þrýstiprófa skal olíulagnir sem eru neðanjarðar og botnþykktarmæla geyma. Verði neðanjarðargeyminum skipt út, mælist Umhverfisstofnun til þess að honum verði skipt út fyrir geymi sem er ofanjarðar, sem betur er hægt að fylgjast með en niðurgrofnum geymi. Að öðrum kosti skal setja nýjan geymi í oliuheldan dúk til varnar olíumengunar jarðvegs í kringum hann.

Að auki eru tveir 1500 L heimasníðaðir neyslugeymar undir dísil frá árinu 2017 nefndir í geymaskráningu rekstraraðila. Þessir geymar komu ekki fram í áhættumati vegna bráðamengunar hafs og stranda, né eru til staðar upplýsingar um staðsetningar þeirra eða hvort þeir uppfylli skilyrði 41. gr. reglugerðarinnar sem fjallað er um hér að ofan, m.t.t. mengunar- og árekstrarvarna.

Í áhættumati vegna bráðamengunar hafs og stranda eru ekki heldur fullnægjandi upplýsingar um 1100 L geymana, fjarlægð þeirra frá Lóni, forvarnir og búnað. Umhverfisstofnun fellst ekki á að fjarlægð frá Lóni sé fullnægjandi forvörn á mengun nema frekari upplýsingar þess til staðfestingar berist.

Skv. upplýsingum frá rekstraraðila sem bárust 28. október sl. stendur til að fjárfesta í nýjum búnaði/olíugeymum sem ættu að uppfylla kröfur reglugerðar nr. 884/2017.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

41., 42. og 43. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

Öruggar árekstrar- og mengunarvarnir skulu vera við olíugeyma. Yfirfyllingarviðvörn eða -vörn skulu vera til staðar ásamt því að afgreiðslubyssu skal búin útsláttarbúnaði. Engar árekstrarvarnir eru við lausageymi eða við afgreiðslubyssu bensíngeymis. Bensíngeymir er ekki í olíuheldum dúk og dísilgeymir er ekki tvöfaldur eða í lekaheldri þró. Engar upplýsingar eru um mengunarvarnir 1500 L geyma.

## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skv. starfsleyfi er einungis heimilt að reka sláturhús á eldisstaðnum til eigin nota.

Ábending er gerð er varðar uppfærslu vöktunaráætlunar að auka skuli vöktun frá seiðastöð til samræmis við að eldi muni aukast þar. Einnig vekur stofnunin athygli á því að ný vöktunaráætlun skal sendast Umhverfisstofnun til samþykktar. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags. 28. sl. verður ný vöktunaráætlun sem tekur tillit til stöðvunar matfiskeldis og stækkunar seiðaeldis útbúin.

Athuga þarf settjarnir við seiðastöð, skoða uppsöfnun og orsakir sjáanlegra ráka á yfirborði vatns. Einnig skoða hvort þörf sé á hreinsun settjarna. Gott er að gera efnamælingar á frárennslisvatni fyrir og eftir settjarnir til að átta sig á hver hreinsivirkni þeirra er í raun og hvort hreinsunar sé þörf. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 28. október sl. er verið að skoða hreinsun tjarnanna sem og að setja upp tromlusíur við bæði úttföll seiðastöðvar.

Athygli er vakin á því að óheimilt er að losa í vatn efni sem eru á listum I og II, í viðauka reglugerðar nr 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, án sérstakrar heimildar í starfsleyfi. Þar eru ekki undanskilin efni sem geta myndað lífræn klórsambönd í vatni.

Umhverfisstofnun óskar eftir frekar upplýsingum um ástand og mengunarvarnir olíugeyma rekstraraðila og staðfesting óskast á yfirfillingarvörn og útsláttarbúnaði á afgreiðslubýssum. Einnig óskar stofnunin eftir upplýsingum um staðsetningu neðanjarðargeymis m.t.t. grunnvatnsstöðu og fjarlægðar í Lón, sem og hvernig fylgst er með ástandi geymis. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 28. október sl. stendur til að tæma og fjarlægja neðanjarðargeyminn í vetur þegar slátrun úr Lóninu líkur. Umhverfisstofnun óskar eftir því að staðfesting þess efni verði send þegar geymirinn hefur verið fjarlægður.

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda frá olíu skal uppfært í samræmi við upplýsingar í skýrslu og leiðbeiningar eftirlitsaðila. Uppfært áhættumat barst frá rekstraraðila 29. október sl. en stofnunin hefur óskað eftir frekari upplýsingum.

## ANNAÐ

Fulltrúi rekstraraðila þegar vettvangsheimsóknin fór fram var Ólöf Rún Stefánsdóttir frá Fiskeldi Austfjarða.

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.10.2020

  
Hulda Soffía Jónasdóttir